



Fundargerð hreppsnefndar 28. apríl 2011

Hreppsnefndarfundar haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2011 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 6. apríl sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 6. apríl sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð húsnæðisnefndar frá 19. apríl sl.

Fundargerð húsnæðisnefndar frá 19. apríl sl., lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð ferlinefndar frá 12. apríl sl.

Fundargerð ferlinefndar frá 12. apríl sl., lögð fram til kynningar.

4. mál. Fundargerð umhverfisnefndar frá 18. apríl sl.

Fundargerð umhverfisnefndar frá 18. apríl sl. lögð fram.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir málinu sem lýtur að starfsleyfi fyrir urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl.

Hreppsnefnd tekur undir tillögu nefndarinnar um að fela sveitarstjóra að vinna að endurnýjun á starfsleyfi urðunarstaðarins, en það gildir til september 2012.

Oddviti kvaddi sér síðan hljóðs undir liðnum „Önnur mál“ og fagnað hugmyndum nefndarinnar um vortiltekt í sveitarfélaginu. Aðrir fundarmenn tóku undir mikilvægi þess að ráðist yrði í alhliða hreinsunaráttak í sveitarfélaginu, sem sérstaklega yrði auglýst.

5. mál. Fundargerð bygginga-og skipulagsnefndar frá 11. apríl sl.

Lögð fram fundargerð byggingar -og skipulagsnefndar frá 11. apríl sl.

Gerð var grein fyrir 2. tl. fundargerðarinnar varðandi breytingu á aðalskipulagi og tillögu nefndarinnar í þeim efnum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan tillögu byggingar- og skipulagsnefndar, sem fram kemur í 2. tl. fundargerðarinnar og síðan fundargerðina að öðru leyti.

6. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2010 A- og B-hluti

-Fyrri umræða-. Á fundinn mæta fulltrúar KPMG löggiltra endurskoðenda.

Á fundinn mætti endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson. Lagður fram ársreikningur

Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2010 fyrir A- og B-hluta sjóði, ásamt sundurliðunum. Jafnframt lögð

fram skýrsla endurskoðenda með ársreikningum 2010. Ennfremur lögð fram greinargerð

sveitarstjóra með ársreikningum ársins 2010. Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum ársreikningi og fór yfir greinargerð sína með reikningunum, en hún hljóðar svo:

„Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2010 eru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar hér í dag, 28. apríl 2011. Alls samanstanda reikningarnir af 10 sjóðum sem skiptast í 3 A- hluta sjóði og 7 B-hluta sjóði. B-hluta sjóðunum hefur verið fækkað um 3 frá síðasta ári og er það gert með þeim hætti að leiguíbúðir og félagsheimilið Mikligarður eru nú færð undir Eignasjóð og Hótel Tangi færð út.

Heildartekjur A- hluta sveitarsjóðs voru 455,8 m. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 240,9 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 141,2 m. kr. og aðrar tekjur 73,6 m. kr.

Heildargjöld A- hluta voru á hinn vænginn 390,2 m. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að viðbættum afskriftum 26,0 m.kr. eru gjöld A- hluta 416,2 m.kr. og þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda að fjárhæð 7,4 m.kr. og framlaga til B-hluta er rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 30,6 m.kr. Rétt er að geta þess að í ársreikningi 2010 er halla B-hluta fyrirtækja mætt að fullu með framlögum úr A-hluta samtals að fjárhæð 11,3 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 9,7 m. kr. framlag til félagslegra íbúða fært á félagsmál. Rekstrargjöld í aðalsjóði hækka því sem því nemur.

A- hluti sveitarsjóðs skilar samkvæmt þessu 65,6 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði svokölluð EBITDA, en samstæðan öll, þ. e. A- hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 140,9 m. kr. hagnaði á sama grunni, þ. e. EBITDA.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 574,5 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 41,2 m. kr., voru 474,9 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 99,6 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunatekna og –gjalda, að fjárhæð 57,8 m.kr. kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 41,8 m. kr. hagnaði. Hefur þá verið tekið tillit til reiknaðra afskrifta að fjárhæð 41,2 m.kr., sem eru í raun reiknuð fjárhæð sem tekin er frá til viðhalds eigna sveitarfélagsins.

Ennfremur hefur verið reiknað með fjármagnsliðum sem námu nettó 57,8 m.kr. Af þessu má sjá að fjármagnskostnaður vegur þungt í rekstrarútkomu sveitarfélagsins fyrir árið 2010, enda þó hann hafi lækkað úr 130,8 m.kr. á árinu 2009 í 57,8 m.kr. 2010 eða um 73,0 m.kr. Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 5,1% eða úr 412,5 m. kr. 2009 í 433,6 m.kr. árið 2010. Heildargjöld að teknu tilliti til fjármagnsgjalda lækka um 8,6 % eða úr 583,2 m.kr. 2009 í 532,7 m.kr. árið 2010.

Hagnaður samstæðunnar í heild breytist úr 45,5 m.kr. tapi árið 2009 í 41,8 m.kr. hagnað árið 2010. Rekstrarniðurstaða milli áranna 2009/2010 batnar því um 87,3 m.kr.

Í neðangreindri töflu sést hvernig útgjöldin í heild skiptast hlutfallslega:

	Árið 2009		Árið 2010	
	M.kr.	%	M.kr.	%
Laun og launatengd gjöld	233,6	40,1	247,1	46,4
Breyting lífeyrisskuldbindinga	1,2	0,2	1,6	0,3
Annar rekstrarkostnaður	177,7	30,4	184,9	34,7
Afskriftir	39,9	6,8	41,3	7,7
Fjármagnstekjur/fjármagnsgjöld	130,8	22,4	57,8	10,9
Samtals	583,2	100,0	532,7	100,0

Af framansögðu er ljóst að afkoma sveitarsjóðs er ágæt þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Jákvæð rekstrarniðurstaða skýrist að langstærstum hluta af því að almennar tekjur hækka meira en ráðgert var í fjárhagsáætlun, ennfremur hefur tekist að halda rekstrarkostnaði í skefjum með aðhaldi og hagræðingu. Fjármagnskostnaður hefur einnig lækkað verulega milli ára, þar kemur vel fram hversu mikil áhrif verðbólgunnar eru á þennan þátt. Það skiptir því sköpum fyrir reksturinn að takast megi að halda verðlagi stöðugu.

Ljóst er að miklu skiptir hvernig stjórnvöldum á hverjum tíma tekst að glíma við verðbólguþrauginn. Takist það ekki sem skyldi er víst að mörgum sveitarfélögum, fyrirtækjum og heimilum verði stefnt í voða hvað rekstrarkostnað varðar.

Á liðnu ári var gripið til ýmissa aðgerða til þess að lækka rekstrarkostnað og reynt að vera á tánum hvað varðar rekstrarkostnað hinna mismunandi deilda í góðri samvinnu við forstöðumenn deildanna. Í stórum dráttum má segja að á þessum liðum hafi tekist vel til við að halda í horfinu. Laun og önnur rekstrargjöld hækkuðu samtals um 5,1 % eða úr 412,5 m.kr. árið 2009 í 433,6 m.kr. árið 2010. Þetta verður að teljast nokkuð góður árangur, þar sem hinar mismunandi rekstrarvörur hafa hækkað verulega í verði milli ára. Nægir þar að nefna rafmagn, olíur og matvæli svo dæmi

séu tekin, þá hækka laun einnig fyrir það að tryggingagjald hækkaði verulega. Þetta finna heimilin í landinu vel á pyngjunni sinni.

Laun og launatengd gjöld saman hækka úr 233,6 m.kr. 2009 í 247,1 m.kr. 2010 sem er 5,8 % hækkun. Séu launin aðgreind frá launatengdu gjöldunum kemur í ljós að þau hækka úr 195,1 m. kr. árið 2009 í 200,2 m. kr. árið 2010 eða 2,6 %. Launatengdu gjöldin hækka úr 36,7 m. kr. 2009 í 45,1 m. kr. árið 2010 eða um 22,8 %. Á þessu sést vel hversu mikil áhrif stjórnvaldsaðgerða geta verið á hverjum tíma sem sveitarfélögin ráð ekki við en eru bara knúin til að greiða. Hækkun launatengdra gjalda skiptir sköpum í launamassanum eins og hér kemur berlega í ljós.

Á árinu 2010 var ekki áætlað fyrir sölu neinna eigna hvorki hlutabréfa né annarra eigna, heldur gert ráð fyrir því að það yrði bónus ef sérstök ákvörðun yrði tekin um það á árinu að selja fasteignir eða hlutabréf. Sveitarfélagið á sem kunnugt er talsvert magn eigna sem mögulegt er að selja án þess að það komi niður á lögbundinni þjónustu sem skylt er að veita í sveitarfélaginu. Hér er verið að tala um eignir eins og hótél, íbúðir, jarðir og hlutabréf. Hlutabréfaeign sveitarfélagsins í HB Granda nam 39,6 m. kr. að nafnvirði um síðustu áramót, sem væri að söluandvirði 396 m.kr. miðað við gengið 10,0.

Hugmyndir hafa verið uppi um að ganga hraustlega fram í sölu eigna og greiða upp skuldir eins og kostur er, sem lækka mundi fjármagnsgjöld til muna. Til mikils er að vinna á þessu sviði þar sem vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur í samstæðunni eru gríðarlegar fjárhæðir á hverju ári. Með þessu yrði sveitarfélagið heldur ekki jafn viðkvæmt fyrir sveiflum í verðlagi eins og illilega hefur fundist fyrir frá falli íslenska fjármálakerfisins í árslok 2008.

Við gerð ársreikninga sveitarfélagsins fyrir árið 2005 var tekið á ýmsum þáttum með öðru sniði en áður hafði verið gert. Meðal annars voru færðar upp lífeyrisskuldbindingar, áfallið ótekið orlof og óbeinar afskriftir. Þessi háttur er áfram viðhafður í uppgjöri ársins 2010. Lífeyrisskuldbindingar alls í efnahagsreikningi eru 44,7 m.kr. í árslok 2010. Í ársreikningi ársins 2010 hefur einnig verið tekið skýrt á því að færa framlag úr aðalsjóði á móti halla B-hluta fyrirtækja, sem nam 11,3 milljónum árið 2010. Jafnframt hafa kröfur aðalsjóðs á tiltekin B-hluta fyrirtæki, sem áður voru færðar undir veltufjármunum verið færðar sem langtímakröfur undir fastafjármunum. Hér er um að ræða kröfur aðalsjóðs á Skiphólma og Arnarvatn sem ekki er gert ráð fyrir að greiddar verði upp á næsta ári, heldur er við það miðað að þær verði greiddar upp þegar fyrirtækin verða seld að hluta eða heilu lagi.

Varðandi nánari útlistun á þessum hlutum er að öðru leyti vísað til endurskoðunarskýrslu KPMG með ársreikningi 2010 og skýringa með ársreikningi.

Á árinu var reynt að lágmarka framkvæmdir. Einungis var reynt að ljúka við nauðsynlega þætti, sem í gangi höfðu verið og ekki varð komist hjá að vinna. Ráðstöfun þessi var liður í því að reyna sem frekast var kostur að lágmarka þörfina fyrir nýjar lántökur.

Fjárfesting á varanlegum rekstrarfjármunum nam 28,3 m.kr. nettó. Í fjárfestingum má helst nefna slökkvibíl, lyftu í skóla, krana á höfnina, gangstéttir, vinnu við aðalskipulag, lagfæringar við sundlaug og safnstöð í tengslum við flokkun sorps svo eitthvað sé nefnt.

Meginhluti langtímalána sveitarfélagsins eru tengd vísitölu neysluverðs og eru reiknaðar verðbætur og gengismunur ársins 12,4 milljónir. Fjárhæð þessi kemur til hækkunar á höfuðstól lána sveitarfélagsins og á móti er fjárhæðin færð til gjalda í rekstri þess árið 2010, en kemur til greiðslu á eftirstöðvatíma lánanna. Ljóst má því vera að verðbólguþróun ræður miklu um afkomutölur sveitarfélaga til framtíðar eins og áður hefur komið fram.

Í heild eru erlend lán sveitarsjóðs um 5,3 % heildarlána og er ljóst að miðað við gengisfall íslensku krónunnar þá hefði reiknaður gengismunur orðið mun hærri tala hefði hlutfall erlendra lána verið hærri. Það hlýtur því að teljast athugunarefni hversu hátt þetta hlutfall ætti að vera og ljóst er að mörg sveitarfélög eru með mjög hátt hlutfall erlendra lána, sem þau hafa vafalítið tekið í krafti mikils vaxtamunar á erlendum og innlendum lánnum á sínum tíma.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 98,7 m. kr. á árinu. Þrátt fyrir þetta voru engin ný lán tekin á árinu á móti þessum niðurgreiðslum. Lánsheimild að fjárhæð 30,0 m.kr. var samþykkt í árslok 2010 hjá Lánasjóði sveitarfélaga, en ekki þótti þörf á að hefja hana þá.

Sökum reiknaðra verðbóta að fjárhæð 12,4 m.kr. og niðurgreiðslu lána að fjárhæð 98,7 m. kr. lækka langtímalán úr 921,6 m.kr. árið 2009 í 854,1 m.kr. árið 2010 eða um 67,5 m.kr. í samstæðunni allri og skammtímalán lækka úr 177,9 í 160,6 m.kr. í samstæðunni milli þessara ára. Í heild lækka skuldir og skuldbindingar um 83,8 m.kr. milli árána 2009 og 2010. Enn og aftur komum við að því hversu mikilvægt það er fyrir reksturinn að ná niður verðbólgunni.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 97,1 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 129,9 m.kr. Þetta fjármagn gengur síðan til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið. Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 19,5 m.kr. en var í upphafi ársins 16,5 m. kr.

Í árslok 2010 átti Vopnafjarðarhreppur hlutabréf í HB Granda að nafnvirði 39,6 m.kr. og voru þau bókfærð á 207,6 m.kr. Líklegt er að ef hlutabréfin yrðu seld þá yrðu þau á gengi sem væri einhversstaðar nálægt genginu 10. Rétt er þó að geta þess að markaðsgengið hefur rokkað nokkuð til á síðustu misserum, enda eru þau ekki á virkum markaði. Sölur bréfa HB Granda á árinu 2010 eru fáar og geta engan veginn verið stefnumarkandi um rétt gengi þessara bréfa. Vopnafjarðarhreppur á einnig hlutafé í ýmsum öðrum fyrirtækjum og er þar helst að nefna Lánasjóð Sveitarfélaga ohf., Sláturfélag Vopnfirðinga ehf., Drekasvæðið ehf, Skiphólma ehf., Arnarvatn ehf. o.fl.

Eins og margoft hefur verið bent á er á hverjum tíma umhugsunarefni forsvarsmanna sveitarfélagsins hvað heppilegast er að gera við eignir af þessu tagi, þrátt fyrir að ávöxtun þessara hlutabréfa hafi verið góð síðustu ár bæði með tilliti til gengis bréfa og ekki síður með tilliti til þeirrar vinnu sem skapast hefur í samfélaginu fyrir tilverknað þess að þau voru keypt á sínum tíma. Gert hefur verið ráð fyrir því í 3ja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2012-2014 að tekin verði ákveðin skref í því að afsetja bréfin þ.a. andvirði þeirra nýtist sem best til góðra hluta í sveitarfélaginu, hvort heldur er til uppgreiðslu lána eða annarra hluta sem nauðsynlegir eru taldir. Þessi mál verða til nánari umfjöllunar og ákvarðanatöku á næstu árum.“

Í framhaldi af yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að ársreikningunum yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson, fór síðan skilmerkilega yfir ársreikningana og endurskoðunarskýrslu sína með ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2010 og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Að yfirferð lokinni þakkaði oddviti fyrir greinargóðar lýsingar beggja, síðan fóru fram frekari umræður og fyrirspurnir þar sem endurskoðandi ásamt sveitarstjóra svöruðu framkomnum fyrirspurnum.

Að þessu loknu bar oddviti upp fyrirleggjandi tillögu um að vísa ársreikningunum til síðari umræðu. Tillagan samþykkt samhljóða.

7. mál. Bréf ríkissaksóknara dags. 8. apríl sl., varðandi málefni Giftar

Lagt fram bréf ríkissaksóknara frá 8. apríl sl., sem er svar við bréfi Vopnafjarðarhrepps frá 4. mars sl., þar sem Vopnafjarðarhreppur ákvað að nýta sér ákvæði 5. og 6. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 sbr. og lög nr. 36/1999 um að bera ákvörðun Ríkislögreglustjóra undir Ríkissaksóknara.

Ríkislögreglustjóri hafði tekið ákvörðun um það skv. bréfi hans dags. 9. febrúar sl., með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 að vísa frá kærðu Vopnafjarðarhrepps, sem sett hafði verið fram með bréfi Vopnafjarðarhrepps frá 17. febrúar 2010.

Með bréfi sínu frá 8. apríl sl., staðfestir ríkissaksóknari ákvörðun ríkislögreglustjóra frá 9. feb. sl., um að vísa frá kærðu vegna málsins.

Talsverðar umræður urðu um málsmeðferð þessa og þá umfjöllun sem kæra Vopnafjarðarhrepps hafði fengið hjá embættum ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra.

Vopnafjarðarhreppur lýsir yfir vonbrigðum með niðurstöðu málsins en telur ekki að svo stöddu ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.

8. mál. Bréf Sambands ísl. Sveitarfélaga frá 18. apríl sl., varðandi umsögn um frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga.

Lagt fram bréf Sambands ísl. Sveitarfélaga frá 18. apríl sl., ásamt umsögn sambandsins um frumvarp til laga um ný sveitarstjórnarlög.

Hreppsnefnd tekur undir ábendingar sem fram koma í umsögn sambandsins en felur sveitarstjóra að fara nánar yfir málið og móta nánari umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins.

9. mál. Sala eigna/tilboð- Gerð grein fyrir stöðu mála.

Gerð var grein fyrir framvindu mála, varðandi sölu fasteigna sveitarfélagsins. Lagt fram tilboð í íbúð 01-01 að Kolbeinsgötu 55, sem undirritað hefur verið með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Nokkrar umræður urðu almennt um sölu fasteignanna.

Fyrirliggjandi tilboð síðan samþykkt með 5 atkvæðum 2 sátu hjá.

Sveitarstjóra falið að undirrita nauðsynleg gögn í því sambandi.

10. mál. Bréf barna úr Snillinga- og Kanínuhóp á leikskólanum Brekkubæ frá 12. apríl sl., varðandi fánastöng og fána.

Lagt fram bréf dags. 12. apríl, sem börn á Snillinga- og Kanínudeild leikskólans rituðu og afhentu sveitarstjóra. Í bréfinu er óskað eftir fánastöng og fána við leikskólann. Sérstaklega er beiðnin tilkomin vegna þess að leikskólinn fær Grænfánann í júní nk., en skólinn hefur unnið að því um skeið að fá þessa viðurkenningu fyrir umhverfisvæn vinnubrögð.

Hreppsnefnd samþykkir beiðnina og felur sveitarstjóra að sjá til þess að fánastöngin verði komin upp áður en að leikskólanum verður formlega afhentur Grænfáninn.

Jafnframt fagnar hreppsnefnd því að skólinn hafi unnið til þess að fá Grænfánann.

11. mál. Aðalfundur Veiðifélags Vesturdalsár verður haldinn 30. apríl nk.

Aðalfundur Veiðifélags Vesturdalsár verður haldinn 30. apríl nk. í veiðihúsi félagsins að Nesbakka. Fulltrúi sveitarfélagsins mun mæta á fundinn.

12.mál. Aðalfundur HB- Granda verður haldinn 29. apríl nk.

Aðalfundur HB Granda verður haldinn 29. apríl nk. í húsakynnum félagsins að Grandagarði, Reykjavík.

Fulltrúi sveitarfélagsins mun mæta á fundinn fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps og Skiphólma ehf., reynist það unnt.

13. mál Nýr karlakór Söngfuglar. –Styrkbeiðni-, bréf dags. 13. apríl sl.

Lagt fram bréf nýstofnaðs karlakórs Söngfugla frá 13. apríl sl., þar sem óskað er eftir styrk til starfseminnar.

Hreppsnefnd fagnar því að stofnaður hafi verið karlakór og vísar erindinu til gerðar næstu fjárhagsáætlunar.

14. mál Erindi félagsbúsins Engihlíð dags. 12. apríl sl., varðandi heimild til þess að nýta landspildu á Þorbrandsstöðum til kornræktar.

Lagt fram bréf félagsbúsins Engihlíðar, þar sem óskað er eftir að fá heimild til þess að vinna allt að 4,5 ha af ónunnum mó í skógræktargirðingu sveitarfélagsins að Þorbrandsstöðum.

Farin hefur verið vettvangskonun að Þorbrandsstöðum og málið skoðað vandlega

Ferðin var farin í tengslum við ofanefnda beiðni um að fá að nýta móa í landi Þorbrandsstaða til kornræktunar. Gengið var um svæðið og spáð í spilin. Niðurstaða var sú að ekki væri æskilegt að mórinn yrði tekinn til þessarar vinnslu, enda við upphaf skógræktar á svæðinu ákveðið að reyna að hlífa mórnum sem mest.

Í staðinn er mælt með því að viðkomandi geti fengið að rækta spildur ofan við móinn á svokölluðum grundum, þar sem mögulegt er að nýta allt að 4-5ha lands á landi sem þegar hefur verið brotið til ræktunar. Kornrækt þar nú mun einungis gera landið betra til annarra nota síðar. Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða.

15. mál Styrkir frá Menningarráði Austurlands til Menningarmálanefndar Vopnafjarðar, o.fl.

Lagt fram til kynningar.

16. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð stjórnar Þróunarfélags Austurlands frá 4. apríl sl.
Lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð starfshópsins Austfirsk eining frá 1. apríl sl.
Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps í starfshópnum gerði nánari grein fyrir þeirri vinnu sem fram fer í hópnum.

c) Fundargerðir framkvæmdaráðs SSA og stjórnar frá 8. og 18. apríl sl.
Lagt fram til kynningar.

d) Bréf Þórshafnarhrepps dags. 18. apríl sl., varðandi þjónustusamning um flug til Vopnafjarðar og Þórshafnar.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.05